

Alþingi
Erindi nr. P 138/775Sala áfengis og áfengisgjöld
komudagur 15.12.2009239. mál

Í framhaldi af fundi efnahags- og skattanefndar 10. desember sendir ÁTVR meðfylgjandi upplýsingar varðandi sölubrún á áfengi árin 2008 og 2009 og spá fyrir árið 2010.

Ef skoðuð er skipting á sölu alkóhóllittra eftir flokkum fyrir árið 2008 sést hlutfall hvers flokks af heildarsölu. Léttvín er áfengi sem inniheldur jafnt eða minna en 15% hlutfall af vinanda að rúmmáli, sterkt áfengi er með hærra en 15% vinanda að rúmmáli.

2008	Alkóhóllitrar	Hlutfall
Léttvín	405.948	26%
Sterkt	339.853	22%
Bjór	801.912	52%
	1.547.713	100%

Margir blandaðir drykkir skattleggjast líkt og sterkt áfengi. Á árinu 2008 var áfengisgjald af áfengi seldu hjá ÁTVR um 6,7 milljarðar.

Á árinu 2009 hafa orðið nokkrar tilfærslur á neyslu þar sem hlutfall sterks áfengis hefur minnkað en hlutfall léttvíns og bjórs aukist. Skiptingin byggist á sölu mánaðanna janúar til nóvember. Gera má ráð fyrir að salan í desember breyti ekki þessum hlutföllum svo neinu nemi.


2009	Alkóhóllitrar	Hlutfall
Léttvín	394.540	27%
Sterkt	301.435	20%
Bjór	792.438	53%
	1.488.414	100%

Áætlanir gera ráð fyrir að áfengisgjöld af sölu ÁTVR verði um 7,8 milljarðar á árinu 2009.

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins hefur sala áfengis eftir flokkum breyst nokkuð frá því í fyrra. Í meðfylgjandi töflu sjást þessar breytingar, bæði í lítrum og alkóhóllítrum.

Sala áfengis, janúar – november 2009		
	Breyting lítrar	Breyting alkólítrar
Aðrar bjórtegundir	-19,4%	-22%
Ávaxtabrandí	3,9%	3%
Ávaxtavín	-26,8%	-19%
Bitterar, kryddvín, aperitifar	-3,4%	-5%
Blandaðir drykkir	-37,1%	-30%
Brandí	-21,0%	-22%
Freyðivín	-23,7%	-24%
Gin & sénever	-2,0%	-3%
Hvítvín	3,8%	2%
Lagerbjór	-0,3%	-1%
Líkjör	-19,5%	-20%
Óáfeng vín	-49,5%	1%
Ókryddað brennivín og vodka	-11,6%	-12%
Rauðvín	-4,5%	-5%
Romm	-10,6%	-10%
Rósavín	-7,7%	-7%
Snafs	-4,0%	-4%
Styrkt vín	-14,3%	-15%
Tequila o.fl.	-18,4%	-18%
Viskí	-9,8%	-10%
Öl	-4,7%	-2%
Samtals	-1,80%	-4,31%

Í ársskýrslu ÁTVR fyrir árið 2006 er birt línurit yfir þróun áfengisneyslu í samanburði við þróun ráðstöfunartekna á mann árin 1995 – 2005. Þar má sjá að áfengisneysla hefur fylgt þróun ráðstöfunartekna nokkuð vel á þessu tímabili. Með þá þróun í huga hefur ÁTVR gert ráð fyrir um 10% magnsamdrætti í sölu áfengis árið 2010.



Ef miðað er við sama hlutfall léttvíns, sterks áfengis og bjórs í sölu og árið 2009, óbreytt áfengisgjöld og 10% magnsamdrátt má gera ráð fyrir að áfengisgjöld verði tæplega 7,5 milljarðar fyrir árið 2010. Miðað við sömu forsendur og hækkun á áfengisgjaldi um 10% má áætla að áfengisgjöld af sölu ÁTVR verði um 8,2 milljarðar.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir
aðstoðarforstjóri ÁTVR

